

## 22. Frumvarp

tii laga um sameining Dalasýslu og Strandasýslu.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

### 1. gr.

Dalasýsla og Strandasýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi, og nefnist það Dala- og Strandasýsla.

### 2. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að embættasameining sú, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, komist á svo fljótt, sem kostur er á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið er samið af millipinganefnd þeirri í launamálinu og eftirlaunamálinu, er skipuð var með konungsráðgjafi 9. desbr. 1914. Er frumvarpinu breytt að því er 2. gr. snertir og hún færð í samræmi við 7. gr. launalagafrumvarpsins. Frumvarpið er horið fram í sambandi við 11. gr. launalagafrumvarpsins.

Að öðru leyti er vísað til eftirritaðra athugasemda millipinganefndarinnar:

### Um 1. gr.

Á Alþingi 1877 flutti þm. Dalamanna frv. um sameining Dalasýslu og Strandasýslu, og gerði hann það eftir ósk kjósenda sinna. Nefnd var sett í málið í Nd., og fjellst hún á frv. »með því að það virðist engum sjerstökum erfiðleikum bundið». Var frv. svo samþ. í Nd., en er það kom til Ed. var það felt við 1. umr. Þar var það einkum fundið að frv., að það væri óundirbúið, að ekkert væri vitað um óskir Strandamanna og að sýslunefndir, amtsráð og amtmaður hefðu eigi fengið tækifæri til að segja álit sitt um málið. Þá var og bent á erfiðleika fyrir einn mann, að þjóna báðum sýslunum, sakir vegalengdar og vegleysu. Síðan hefir málinu um samsteypu þessara sýslna eigi verið hreyft á Alþingi, þangað til á þinginu 1914. Þá kom fram þingsályktunartillagan, sem áður er getið, um fækkun sýslumannsembætta, og hafði flutningsmaður tillögunnar einkum í huga Dalasýslu og Strandasýslu, er honum þótti mega gera úr eitt embætti. Af undirtektum þingmanns Dalamanna undir tillögunna má ráða það, að hann taldi Dalamenn nú mundu verða á móti samsteypunni, en að öðru leyti var málið lítið rætt, nje grein fyrir því gerð, að neinir verulegir annmarkar væru á sameiningu þessara embætta, með því að málið komst inn á aðra braut, sem fyr er vikið að.

Þegar nefndin nú leggur það til að þessum embættum verði steipt saman, þá er fyrst að telja þá ástæðu, að óskir hafa bæði á þingi og utan þings komið fram um það, að embættum sje fækkað, þar sem því verður við komið og að nefndin telur þessar óskir rjettmætar, ef þeim verður fullnægt, án þess að embættisþjónustan verði ókleif eða ónóg þeim, sem hennar eiga að njóta. Þetta á við um öll embætti, en þegar sjerstaklega eru athuguð sýslumannaembættin, og

hvort vegur sje til að fækka þeim, festir einkum auga á sýslum þeim tveimur, sem hjer ræðir um. Þeim hefir alloft verið þjónað af sama manni, skemri eða lengri tíma, án þess að borið hafi á, að það hafi valdið neinni óhægð fyrir hlut-  
aðeigendar. Um erfiðleika að þjóna slíku embætti, fyrir sakir mannmergðar eða fjölda embættisstarfa, er eigi að ræða, því að íbúar beggja sýslanna samtals voru 1910 eigi fleiri en 3778 og embættisverkin eru sökum strjálbygðar, einkum í Strandasýslu, tiltölulega færri en í öðrum, ekki fjölmennari, sýslum. En það sem aðallega hefir verið talið torkerki á samsteypu þessara embætta er vegalengdin og erfið yfirsókn. Það verður þó eigi sjeð, að í því tilliti mundi þessi sýsla verða erfiðari, en sumar aðrar sýslur, svo sem Skaftafellssýsla, Þingeyjarsýsla og jafnvel Barðastrandasýsla, og getur nefndin því eigi talið þennan annmarka svo verulegan, að ófært sje hans vegna að sameina sýslurnar.